

## Fyrirspurn

Hver er kostnaður Reykjavíkurborgar og/eða Strætó bs. vegna ferða sem eru í pöntunarþjónustu? Óskað er eftir upplýsingum fyrir það sem af er þessu ári sem og fyrir síðasta ár, skipt niður eftir ferðum ef þær upplýsingar liggja fyrir.

Greinargerð:

Pöntunarþjónusta virkar þannig að viðskiptavinir panta ferð með því að hringja í Pant í síma 540 2740 minnsta kosti 30 mínútum fyrir áætlaða brottför skv. tímatöflu. Það er aðeins hægt að greiða fyrir ferðina í leigubílum með því að sýna, KLAPP kort, fargjald í KLAPP appi eða KLAPP túi.